



KENNASAMBAND
ÍSLANDS

Greinargerð um mat á stöðu innleiðingar menntastefnu í lögum og aðalnámskrám leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla

Inngangur

Meðal forgangsverkefna í starfsáætlun skólamálaráðs Kennarasambands Íslands 2014-2015 var að gera úttekt á innleiðingu laga og aðalnámskráa leik-, grunn- og framhaldsskóla. Þeir þættir sem innleiðing var skoðuð út frá voru:

- a) réttarstaða nemenda,
- b) námskrárbreytingar,
- c) innra mat,
- d) áhrif kreppunnar á skólastarfið í kjölfar hrunsins 2008,
- e) fjárframlög til Námsgagnasjóðs, Þróunarsjóðs námsgagna og Sprotasjóðs og starfsemi þessara sjóða.

Mat á ofangreindum þáttum er byggt á upplýsingum úr ytra mati og úttektum á skólum, könnunum menntamálaráðuneytis á framkvæmd laganna, skoðun á áætlun ráðuneytis um innleiðingu á skólastarfsbreytingum og framkvæmd hennar, samræðum við ýmsa sérfræðinga um mat, úttektir og innleiðingarmál, og gögnum um áhrif kreppunnar á skólastarfið í kjölfar hrunsins 2008 og um fjármál og starfsemi ofangreindra sjóða. Á fundi framkvæmdastjórnar skólamálaráðs KÍ 16. apríl 2015 var ákveðið að taka saman mat á stöðu innleiðingar menntastefnu út frá fyrirbyggjandi upplýsingum.

Niðurstöður

1. Réttarstaða nemenda

Niðurstöður gefa meðal annars til kynna að auka þurfi áhrif barna og ungmenna á námið, viðfangsefni og skólastarf og að vinna þurfi í sérkennslumálum, málefnum barna og ungmenna með sérþarfir og náms- og starfsráðgjöf.

2. Námskrárbreytingar

Niðurstöður gefa til kynna að breitt bil sé á milli markmiða menntastefnu um kennsluhætti og námsaðstæður barna og ungmenna og veruleikans í skólastarfinu. Einnig kemur fram að nýta þurfi í auknum mæli nýja miðla í námi og kennslu. Jafnframt er bent á að leita þurfi leiða til að fjölga leikskólakennurum, en könnun ráðuneytis á framkvæmd leikskólalaga sýnir að tæplega fjórðungur leikskóla uppfyllir ákvæði laganna um að 2/3 starfsmanna skuli hafa leyfisbréf til kennslu í leikskóla, og að algengast er að hlutfall starfsmanna með leyfisbréf sé 21-35%.

3. Innra mat

Niðurstöður gefa til kynna að innra mat sem umbótaaðferð í skólastarfi þurfi að efla með þátttöku allra aðila skólasamfélagsins, skilgreina betur mælikvarða, efla kynningu og mat á niðurstöðum og eftirfylgni með þeim.

4. Eftirfylgni

Í lögum skólastiganna segir að ráðuneyti og sveitarfélög fylgi eftir innra og ytra mati þannig að slíkt mat leiði til umbóta í skólastarfi. Í samræðum framkvæmdastjórnar skólamálaráðs KÍ við sérfræðinga um mat og úttektir kom fram að stuðning vanti frá ráðuneyti og sveitarfélögum við skóla og kennara til að fylgja eftir niðurstöðum í umbóta- og þróunarstarfi. Eftirfylgni þarf að felast í stuðningi, fræðslu og ráðgjöf við skóla og kennara og vera hvati til frekari skólaþróunar.

5. Mat KÍ á framkvæmd innleiðingar

Kennarasamband Íslands metur framkvæmd innleiðingar menntamálaráðuneytis á áætlun um innleiðingu skólastarfsbreytinga samkvæmt aðalnámskrám skólastiganna þannig að hún hafi einkum falist í útgáfu á ýmis konar efni, svo sem námskrám, þemaheftum, kynningarefni, efni á vef, gerð viðmiða og kerfa en mun síður í stuðningi við skóla og kennara við að innleiða breytingar í skólastarfinu. Skoðun KÍ á námskeiðinu „Leiðtogi í heimabyggð“ sem ráðuneytið hélt á vorönn 2013 um áherslur í stefnumótun í skólanámskrárgerð er að það hafi farið of seint af stað og að meiri eftirfylgni hefði þurft að koma frá ráðuneytinu í kjölfarið til að byggja upp samfélag leiðtoga á svæðum og stuðning við þá.

6. Fjármagn til skólastarfs

Kreppan í kjölfar hrunsins 2008 hafði víðtæk áhrif á skólastarfið sem engan veginn eru gengin til baka. Námsgagnasjóður, Þróunarsjóður námsgagna og Sprotasjóður rísa ekki undir hlutverkum sínum þar sem fjárveitingar fylgdu ekki í samræmi við markmið og vegna niðurskurðar í kjölfar hrunsins. Frá því að Sprotasjóður og Þróunarsjóður námsgagna tóku til starfa hefur árleg heildarupphæð umsókna í þá verið margfalt hærri en úthlutunarfé sjóðanna. Ljóst er af umsóknafjölda að svörun stjórnvalda hefur engan veginn verið í samræmi við aðsókn í sjóðina. Fjárframlög til Þróunarsjóðs námsgagna og til Námsgagnasjóðs voru skorin niður árið 2011 og áður höfðu fjárframlög til Námsgagnasjóðs verið skorin niður um helming árið 2009. Grunnskólar nota úthlutanir úr Námsgagnasjóði að stærstum hluta til að kaupa kennslubækur og áskriftir að ýmsum vefsíðum og vefsvæðum. Upplýsingar um sjóðina sýna að mikil þörf er á stórauðnum fjárframlögum stjórnvalda í raunverulegar aðgerðir á sviði náms- og kennslugagna og aðgerðir til að styðja við þróun og nýjungar í skólastarfi á öllum skólastigum.

Greinargerð um mat á stöðu innleiðingar menntastefnu í lögum og aðalnámskrám leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla

1. Aðferðir og gögn

Skólamálaráð KÍ skoðaði innleiðingu menntastefnu í lögum og aðalnámskrám leik-, grunn- og framhaldsskóla út frá neðangreindum þáttum:

- a) **Réttarstaða nemenda.** Í lögum og námskrám er mikil áhersla lögð á réttindi og velferð barna og ungmenna, svo sem stoð- og sérfræðipjónustu, móttökuáætlanir, forvarnir og hollustuhætti.
- b) **Námskrábreytingar.** Í almennum hluta aðalnámskráa skólastiganna er fjallað um sameiginlega þætti í skólastarfinu. Lögð er áhersla á sveigjanleika og samfellu í inntaki og skipulagi, fjölbreytta kennsluhætti og viðfangsefni í samræmi við þarfir barna og ungmenna, virka þátttöku þeirra í námi, og starfshætti sem einkennast af jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi og ábyrgð. Í skólanámskrám er menntastefna aðalnámskráa útfærð í samræmi við stefnu á hverjum stað, nemendahóp og faglegar áherslur.
- c) **Innra mat.** Hlutverk innra mats skóla er að stuðla að skólaþróun og skal það ná til allra þátta skólastarfs með virkri þátttöku starfsfólks, nemenda, foreldra og annarra aðila eftir því sem á við. Skólar eiga að birta opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.
- d) **Áhrif kreppunnar á skólastarfið í kjölfar hrunsins 2008.** Alþingi samþykkti frumvörp til laga um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla vorið 2008 nokkrum mánuðum fyrir hrunið og menntamálaráðuneytið gaf út aðalnámskrár skólastiganna árið 2011.
- e) **Fjárframlög til Námsgagnasjóðs, Þróunarsjóðs námsgagna og Sprotasjóðs og starfsemi sjóðanna.** Stofnað var til Námsgagnasjóðs og Þróunarsjóðs námsgagna árið 2007 með lögum um námsgögn. Hlutverk Námsgagnasjóðs er að leggja grunnskólum til viðbótarfé til námsgagnakaupa til að tryggja val þeirra á námsgögnum og hlutverk Þróunarsjóðs námsgagna er að stuðla að nýsköpun, þróun, gerð og útgáfu námsgagna fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla í samræmi við markmið fyrstu greinar laga um námsgögn. Stofnað var til Sprotasjóðs árið 2008 í tengslum við lög um leik-, grunn- og framhaldsskóla til að styðja við þróun og nýjungar í skólastarfi í samræmi við stefnu stjórnvalda og aðalnámskráa.

Dregnar voru saman upplýsingar úr ýmsum skýrslum, úttektum og könnunum sem varpað gætu ljósi á stöðu innleiðingar. Hér má nefna ytra mat og úttektir á skólum og kannanir menntamálaráðuneytis meðal skólastjórnenda í leik-, grunn- og framhaldsskólum um mat á innleiðingu laga hvers skólastigs og meðal sveitarfélaga. Enn fremur var sjónum beint að áætlun menntamálaráðuneytis um innleiðingu á breytingum í skólastarfi samkvæmt aðalnámskrám um helstu verkefni fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla, og framkvæmd hennar. Skólamálaráð KÍ óskaði eftir fundum með ýmsum sérfræðingum um niðurstöður mats og úttekta og innleiðingarmál- og áætlanir. Í nóvember 2014 og febrúar 2015 var rætt við sérfræðinga hjá skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar, Námsmatsstofnun, menntamálaráðuneyti og Sambandi íslenskra sveitarfélaga í þessum tilgangi.

2. Mat og eftirlit með gæðum skólastarfs

Ákvæði um markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í leik-, grunn- og framhaldsskólum eru svo til samhljóða í lögum skólastiganna:

- a. veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, atvinnulífs, foreldra og nemenda,
- b. tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskráa skóla,
- c. auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
- d. tryggja að réttindi barna/nemenda séu virt og að þau/þeir fái þá þjónustu sem þau/þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Samkvæmt lögum um leikskóla og grunnskóla sinna sveitarfélög mati og eftirliti með gæðum skólastarfs, og láta menntamálaráðuneytinu í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur. Sveitarfélög skulu fylgja eftir innra og ytra mati þannig að slíkt mat leiði til umbóta í skólastarfi. Samkvæmt lögum um framhaldsskóla annast menntamálaráðuneytið öflun, greiningu og miðlun upplýsinga um skólahald í framhaldsskólum og er það liður í reglubundnu ytra mati á gæðum skólastarfs ásamt úttektum, könnunum og rannsóknum. Ráðuneytið skal leitast við að fylgja innra og ytra mati eftir með stuðningi, fræðslu og ráðgjöf til viðkomandi skóla þannig að slíkt mat leiði til umbóta í skólastarfi.

Í nýlegri könnun ráðuneytis meðal sveitarfélaga um mat á framkvæmd laga¹ var meðal annars spurt um lögboðna framkvæmd ytra mats. Athygli vekur að minna en helmingur sveitarfélaga (43%) hafði látið gera/framkvæma ytra mat (fengið utanaðkomandi aðila til að gera úttekt) á skólum sveitarfélagsins frá árinu 2008.

Skýrslur um ytra mat og úttektir eru birtar þegar ráðuneyti, viðkomandi skóli, eða sveitarfélag hafa fengið niðurstöður. Eftirfylgni með mati og úttektum felst aðallega í því að skóli sendir ráðuneytinu umbótaáætlun um hvernig brugðist verður við niðurstöðum og hvernig niðurstöðum verður fylgt eftir.

Ráðuneyti og sveitarfélög þurfa að veita skólum og kennurum markvissan stuðning, fræðslu og ráðgjöf til að fylgja niðurstöðum innra og ytra mats eftir í umbóta- og þróunarstarfi.

3. Skólastefna KÍ – innra og ytra mat

Innra mat/sjálfsmat fjallar um námið og tilhögun þess, námsframboð, náms- og kennsluáferðir, námsmat, námsgengi og líðan nemenda. Niðurstöður eru nýttar til að halda á lofti og styrkja það sem vel gengur og bæta það sem aðfinnsluvert er.

Ytra mat á skólastarfi er nauðsynlegur þáttur í starfsemi skóla, sem yfirvöldum ber að sinna markvisst og af sanngirni. Mat þarf að skapa tækifæri til þess að greina það sem gott er og festa það í sessi en breyta og lagfæra það sem ábótavant er.

Hver skóli mótar sínar sjálfsmatsaðferðir í samræmi við lög. Tryggja verður að skólar hafi nægar fjárveitingar (bjargir) til að vinna að umbótum á grundvelli niðurstaðna úr sjálfsmati og ytra mati.

4. Námsmatsstofnun

Í ársbyrjun 2013 tók matsdeild Námsmatsstofnunar til starfa. Í kjölfarið fluttist umsjón og framkvæmd ytra mats á leik- og grunnskólum frá menntamálaráðuneyti til deildarinnar og ári síðar umsjón með stofnanaúttektum á framhaldsskólum. Hér á eftir er fyrst gerð grein fyrir helstu atriðum varðandi fyrirkomulag og áherslur ytra mats og úttekta á skólastigunum, og því næst er yfirlit yfir tillögur um aðgerðir til úrbóta í ytra mati og úttektum á réttarstöðu nemenda, námskrárbreytingar og innra mat.

Leikskólar

Metnir eru sex leikskólar á ári og er ferlið við matið nær óbreytt frá verklagi ráðuneytisins.² Auglýst er eftir sveitarfélögum sem vilja láta meta leikskóla, og þeir valdir með tilliti til þarfa samkvæmt umsóknum og landdreifingu. Ráðnir eru verktakar til að sjá um matið sem leggja mat á starfsemi

¹ Sjá: *Mat á framkvæmd laga meðal sveitarfélaga* (2014) á vef menntamálaráðuneytis <http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/forsidugreinar/nr/8319>

² Sjá: *Leiðbeiningar Námsmatsstofnunar fyrir úttektir á leikskólum* http://www.namsmat.is/vefur/ytra_mat_skola/leikskoli/leidbeiningarytra_mat_leikskola.pdf

viðkomandi skóla með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrá leikskóla. Ytra matið byggist á rýni á fyrirbyggjandi gögnum um starfsemi viðkomandi skóla, heimsóknum og viðtölum við einstaklinga og hópa (starfsfólk, börn og foreldrar). Sameiginlegir þættir í starfsemi þeirra leikskóla sem metnir voru frá hausti 2013 til hausts 2014 voru ákvæði laga um leikskóla um: starfsfólk, foreldraráð, námskrár og samstarf skólastiga, innra mat og sérfræðiþjónustu og stoðkerfi.

Grunnskólar

Árin 2013 og 2014 fór ytra mat á grunnskólum fram á grunni þróunarverkefnis.³ Verkefnisstjórn skipuð fulltrúum ráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Námsmatsstofnunar var sérfræðingum til ráðgjafar og valdi þá grunnskóla sem metnir voru. Til grundvallar matinu eru viðmið um gæði á þremur sviðum skólastarfs: stjórnun skóla, nám og kennsla og innra mat, með hliðsjón af lögum og reglugerðum og aðalnámskrá grunnskóla. Ytra matið byggist á gagnarýni, skólaskoðun, vettvangsathugunum í kennslustundum, rýnihópa- og einstaklingsviðtölum.⁴ Vettvangsathuganir í kennslustundum veita upplýsingar um kennsluhætti og námsumhverfi. Auk sameiginlegra matsþátta gátu sveitarfélög og skólar óskað eftir að metnir væru viðbótarþættir að þeirra vali.

Framhaldsskólar

Metnir eru sex framhaldsskólar á ári. Ráðuneytið velur skólana og ráðnir eru verktakar til að annast úttektir á starfsemi viðkomandi skóla með hliðsjón af lögum, reglugerðum og aðalnámskrá framhaldsskóla með áherslu á eftirfarandi þætti: skólinn og umhverfi hans, skólanámskrár, stjórnun og rekstur, nám og kennsla, skólabragur og samskipti, innra mat, samstarf við foreldra og nemendur með sérþarfir. Úttektir byggja á fyrirbyggjandi gögnum um starfsemi viðkomandi skóla, heimsóknum og viðtölum við einstaklinga og hópa (starfsfólk, nemendur og foreldrar).

Yfirlit yfir tillögur um aðgerðir til úrbóta í ytra mati á leik- og grunnskólum og úttektum á framhaldsskólum um réttarstöðu nemenda, námskrárbreytingar og innra mat

Réttarstaða nemenda

Leikskólar

- Auka þarf áhrif barna á almennt skipulag og verkefnaval, og aðkomu barna og foreldra að ákvarðanatöku
- Móta þarf og setja fram stefnu í sérkennslumálum og í málefnum barna með annað tungumál en íslensku

Grunnskólar

- Gera þarf móttökuáætlanir fyrir nemendur með sérþarfir
- Auka þarf áhrif nemenda á nám og val á viðfangsefnum, námsgreinum, námssviðum, að nemendur og foreldrar séu með í ráðum um námsmarkmið

Framhaldsskólar

³ Árið 2010 hófst samstarf sveitarfélaga og ráðuneytis um þróun á reglubundnu ytra mati á grunnskólum. Faghópur á vegum aðila lagði til að unnið væri að sameiginlegu mati með þar til gerðu matstæki með viðmiðum um gæði skólastarfs og ferli við framkvæmd ytra mats. Matstækið var fullbúið 2011 og í kjölfar þess hófst tilraunaverkefni þar sem notkun þess var reynd við mat á grunnskólum. Í kjölfarið var gerður samstarfssamningur Sambands íslenskra sveitarfélaga, menntamálaráðuneytis, Námsmatsstofnunar og innanríkisráðuneytis vegna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um þróunarverkefni um ytra mat á skólastarfi í grunnskólum. Sjá: *Ytra mat á grunnskólum. Tillögur til mennta- og menningarmálaráðherra og skólamálanefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga um tilhögun á ytra mati í grunnskólum. Faghópur um ytra mat á grunnskólum, 14. mars 2011*
<http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/RSSPage.xsp?documentId=BCC2135A66BBE769002578F00057A2AB&action=openDocument>

⁴ Sjá: *Viðmið um gæði í skólastarfi fyrir ytra mat á grunnskólum, desember 2012. Unnið af Birnu Sigurjónsdóttur, Björk Ólafsdóttur og Þóru Björk Jónsdóttur fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga 2011 og endurskoðað 2012*
http://www.namsmat.is/vefur/ytra_mat_skola/grunnskoli/vidmid_visbendingum.pdf

- Virkja þarf nemendur/nemendafélög til aukinnar þátttöku við ýmsa faglega vinnu og ákvarðanir um skólastarfið
- Koma þarf á formlegri tengingum við ytri þjónustustofnanir, svo sem heilsugæslu, sérfræðiþjónustu o.fl.
- Semja þarf móttökuáætlun fyrir nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku
- Skoða þarf áhrif nemendafjölda á stoðþjónustu náms- og starfsráðgjafar og umfang verkefna stoðþjónustu

Námskrárbreytingar

Leikskólar

- Leita þarf leiða til að fjölga leikskólakennurum
- Ljúka þarf við gerð skólanámskráa sem samrýmast aðalnámskrá 2011
- Gera þarf skriflega grein fyrir grunnþáttum menntunar
- Auka þarf aðkomu barna og foreldra að vinnu við gerð skólanámskráa

Grunnskólar

- Bæta þarf verklag varðandi kennslu og námsaðstæður nemenda, svo sem fjölbreytta kennsluhætti, viðfangsefni, verkefni og námsmatsaðferðir, samvinnu og samstarf nemenda. Að nemendur setji sér markmið í námi og þjálfist í sjálfsmati
- Gera þarf grunnþáttum menntunar skil í námsvísunum, skólastarfinu og námi nemenda
- Gera þarf grein fyrir viðmiðum um námsmat og matskvörðum í skólanámskrám
- Nemendur þurfa að nýta upplýsinga- og samskiptatækni við að afla sér þekkingar og leikni

Framhaldsskólar

- Setja þarf stefnu í skólanámskrár um kennsluhætti og námsmat í samræmi við grunnþætti menntunar og lykilhæfni og/eða útfæra kennsluhætti og námsmat og fylgja eftir með aðkomu allra aðila skólasamfélagsins
- Móta þarf stefnu um notkun upplýsingatækni í námi og kennslu
- Fækka þarf fjarvistum nemenda og vinna skipulega gegn brotthvarfi nemenda úr námi

Innra mat

Leikskólar

- Auka þarf aðkomu barna og foreldra að innra mati
- Þróunar- og/eða umbótaáætlanir þurfa að byggja á stefnu leikskóla svo og innra og/eða ytra mati á starfinu
- Tilgreina þarf í umbótaáætlunum hvenær og hvernig meta á árangur aðgerða
- Mat þarf að kynna skipulega fyrir öllum aðilum skólasamfélagsins

Grunnskólar

- Mat á kennslu fari fram reglulega (endurgjöf til kennara), svo sem með mati skólastjóra á kennslu, jafningjamati kennara og mati á nýjungum í kennsluháttum
- Þróunar- og/eða umbótaáætlun þarf að byggja á stefnu skóla, svo og innra og/eða ytra mati á starfinu
- Tilgreina þarf í umbótaáætlun hvenær og hvernig meta eigi árangur aðgerða
- Mat þarf að vera samstarfsmiðað, byggja á lýðræðislegum vinnubrögðum og kynna skipulega fyrir öllum aðilum skólasamfélagsins

Framhaldsskólar

- Innra mat þarf að efla með þátttöku allra aðila skólasamfélagsins, skilgreina betur mælikvarða, tilgreina ábyrgðaraðila, efla kynningu og mat á niðurstöðum og fylgja niðurstöðum eftir

5. Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar Grunnskólar

Frá árinu 2006 hefur skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar þróað heildarmat (ytra mat) á starfi grunnskóla og framkvæmt í öllum grunnskólum sveitarfélagsins frá 2007 og lauk fyrsta heildarmati á öllum grunnskólum í árslok 2013. Meginþættir í heildarmati voru: skólastarf, verklag, mannauður og fjármál. Haustið 2014 hófst annar hringur ytra mats á grunnskólum.⁵

Greining Birnu Sigurjónsdóttur verkefnastjóra á skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar á niðurstöðum ytra mats á grunnskólum varðandi kennsluhætti í skólunum⁶.

Að sögn Birnu hafa nær allir grunnskólar verið heimsóttir og kennslustundir verið metnar út frá viðmiðum um gæði. Einnig hefur verið merkt við hvaða kennsluhættir einkenndu stundirnar. Frá byrjun árs 2009 hafa 1.066 kennslustundir verið metnar og greindar, þar af hafa 75% verið metnar góðar eða frábærar, rúmlega 22% viðunandi og tæplega 3% óviðunandi. Greining á kennsluháttum í þessum rúmlega þúsund stundum sýnir að langalgengast er að nemendur vinni að verkefnum undir beinni stjórn kennara og hlusti á fyrirlestur eða innlögn hans. Kennarinn er þannig í aðalhlutverki sem fræðari og stýrir námi nemenda að því marki að sömu lausnir komi fram hjá öllum nemendum.

Greining kennsluhátta eftir námsgreinum sýnir að kennarastýring er enn meiri í bóklegum greinum en list- og verkgreinum. Markviss samvinna nemenda, það er að þeir vinni að sameiginlegu viðfangsefni og komist að sameiginlegri niðurstöðu, sást í 12% stunda og sjálfstæð vinna nemenda að einhverju leyti að eigin vali í 10%. Þemavinna er algengust í samfélagsgreinum og tilraunir sjást helst í náttúrugreinum, en einnig í þessum greinum eru algengustu kennsluhættirnir verkefnavinna og innlögn kennara. Lítil munur er á kennsluháttum eftir aldri nemenda. Í öllum aldursþópum er verkefnavinna undir stjórn kennara algengust en bein kennsla eða innlögn er þó heldur algengari á unglingastigi en hjá yngri nemendum.

Að sögn Birnu sýna niðurstöður úr vettvangsathugunum í rúmlega eitt þúsund kennslustundum að það vantar mikið upp á þá fjölbreyttu kennsluhætti sem mikil áhersla er lögð á í nýrri aðalnámskrá frá 2011 og einnig í aðalnámskrá frá árinu 2006. Birna segir einnig að það sé umhugsunarefni að markviss samvinna nemenda og sjálfstæði þeirra í námi fái lítið rými en hvort tveggja er hluti af þeirri lykilhæfni sem ný aðalnámskrá gerir ráð fyrir að einkenni nám nemenda.

Leikskólar

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar hefur einnig þróað matstæki til að meta leikskóla sveitarfélagsins og hófst ytra mat á leikskólum á vorönn 2013. Meginþættir í matinu eru: stjórnun, uppeldis- og menntastarf, mannauður, skólabragur og innra mat.⁷ Í samræðum framkvæmdastjórnar skólamálaráðs KÍ við sérfræðinga sviðsins í nóvember 2014 um niðurstöður kom fram að þær eru svipaðar og í ytra mati sviðsins á grunnskólum.

⁵ Sjá um mat á grunnskólastarfi á vefsíðu skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar <http://reykjavik.is/mat-skola-og-fristundastarfi>

⁶ Byggt á samræðum framkvæmdastjórnar skólamálaráðs KÍ við Birnu Sigurjónsdóttur verkefnastjóra á skóla og frístundasviði Reykjavíkurborgar um heildarmat á grunnskólum sveitarfélagsins í nóvember 2014 og á grein hennar um niðurstöðurnar: Birna Sigurjónsdóttir: *Kennsluhættir í grunnskólum Reykjavíkur. Niðurstöður ytra mats*. [Netla – Vefúmarit um uppeldi og menntun](#). Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Grein birt 14. apríl 2015.

⁷ Sjá um mat á leikskólastarfi á vefsíðu skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar <http://reykjavik.is/mat-skola-og-fristundastarfi>

6. Áætlun menntamálaráðuneytis um innleiðingu á breytingum í skólastarfi.

Í apríl 2013 birti ráðuneytið áætlun um innleiðingu á breytingum í skólastarfi í leik-, grunn- og framhaldsskólum samkvæmt aðalnámskrám, sem nær til vorannar 2015⁸. Eftirfarandi samantekt á framkvæmd áætlunarinnar er byggð á upplýsingum sem komu fram í samræðum framkvæmdastjórnar skólamálaráðs KÍ við sérfræðing menntamálaráðuneytis um áætlunina í febrúar 2015.

Áætlunin er í fjórum þáttum hvað varðar skólastigin:

- 1) Stuðningur við kennara þvert á skólastig.
 - a) Fagráð um starfsþróun kennara er að störfum en því er m.a. ætlað að greina þarfir og setja fram stefnu um starfsþróun kennarastéttarinnar. Starfsþróunarvefur/upplýsingaveita fagráðs sem birtir námskeið og símenntunartilboð fyrir kennara verður virkjaður fljótlega. Á vefnum namskra.is eru aðalnámskrár, verið er að útbúa vinnuvef fyrir kennara sem heldur utan um námskrárgerð og námskrárgrunn framhaldsskóla. Áformað er að á vegum Menntamálastofnunar verði einn vefur fyrir skólastigin með efni fyrir kennara og skóla um lög, námskrár og innleiðingarmál. Mat ráðuneytisins er að þemaheftin um grunnþætti almennrar menntunar hafi verið of fræðileg, og að meiri þörf sé fyrir raunhæfari kennslugögn. Á vef Námsgagnastofnunar nams.is eru verkefni fyrir kennara um grunnþætti almennrar menntunar, og er verið að vinna að nýju kennsluefni fyrir kennara. Samkvæmt upplýsingum sérfræðings ráðuneytis var ekki farið í eftirfarandi:
 - i) námskeið fyrir kennara um innleiðingu grunnþátta
 - ii) málþing um námsmat
 - iii) skipulag, gerð og birting gæðamatskerfis
 - iv) eftirlit og mat með innleiðingu
 - 2) Kynningar á námskrárbreytingum fyrir foreldra og hagsmunaaðila.
 - a) Kynningar voru haldnar á vegum Heimilis og skóla um nýjar áherslur í námskrám, gefið var út kynningarblað „Nám til framtíðar“ og opnaður var vefur um hæfni og grunnþætti, namtilframtidar.is.
 - 3) Verkefni sem snerta sérstaklega leikskóla og grunnskóla.
 - a) Greinasvið grunnskóla var gefið út og veggspjald með lykilhæfniviðmiðum fyrir 4., 7. og 10. bekk. Að sögn sérfræðings ráðuneytis er verið að skoða rýniáætlun fyrir greinanámskrár grunnskóla, að námskrár verði í stöðugri þróun og tiltekna greinar verði rýndar og endurskoðaðar á fjögurra ára fresti út frá lykilhæfni.
 - b) Ráðuneytið stóð fyrir námskeiðinu „Leiðtogi í heimabyggð“ á vorönn 2013 í samvinnu stjórnendafélaga KÍ í leikskólum og grunnskólum og Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir einn skólastjórnanda og einn kennara í hverjum leik- og grunnskóla um áherslur í stefnumótun í skólanámskrárgerð og til að leiða saman og virkja leiðtoga í heimabyggð þannig að þeir gætu notið stuðnings hver af öðrum. Stefnt var að framhaldsnámskeiði 2013-2014 um grunnþætti og námsmat. Mat ráðuneytis er að fyrra námskeiðið hafi farið vel af stað en lítil skráning var á framhaldsnámskeið og var það fellt niður. Ráðuneytið hefur ekki áætlanir um frekari námskeið.
 - c) Ráðuneytið hefur tekið ákvörðun um notkun bókstafa í lokanámsmati grunnskóla (A, B, C, D) með lýsingum á hæfni og stig á bak við einkunnir og verður tekið upp rafrænt skírteini í grunnskólum árið 2016. Ráðuneytið veitti 30 milljónum til grunnskóla til að vinna að námsmati og kvörðum í námskrárgrunni. Ráðuneytið og Námsmatsstofnun vinna að því að setja fram grunn fyrir hæfniviðmið í námsmati samræmdra könnunarprófa fyrir 4. og 7. bekk. Að sögn sérfræðings ráðuneytis er verið að skoða gerð rafrænna ETK prófa í tengslum við lykilhæfnipætti í samræmdu námsmati grunnskóla.

⁸ Menntamálaráðuneytið, 17.4.2013. *Innleiðing á breytingum í skólastarfi samkvæmt nýjum námskrám*
<http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/forsidugreinar/nr/7592?CacheRefresh=1>

- 4) Ýmis verkefni sem snerta framhaldsskólana sérstaklega.
- Unnið er að námskrárgrunni framhaldsskóla við gerð námsbrauta og námskráa og er hann hýstur á namskra.is. Ráðuneytið veitir upplýsingar og aðstoðar þá starfsmenn skólanna sem vinna með grunninn. Ráðuneytið hefur engin áform um styrki til skóla vegna námskráargerðar eða námskeið fyrir stjórnendur og kennara.
 - Innleiðing hæfniprepa: Búið er að skipa ný starfsgreinaráð sem vinna að hæfniprepum fyrir námskrár í starfsnámi. Einnig er unnið að viðmiðunarramma sem skilgreinir ýmis störf og hæfnikröfur náms í tengslum við hæfniprep, svo sem skrifstofustörf o.fl. Í samningum ráðuneytisins við háskóla er gert ráð fyrir að skólarnir skilgreini aðgangsviðmið fyrir allar deildir fyrir 2015. Háskólarnir hafa gefið út undirbúningskröfur út frá aðgangsviðmiðum og segir ráðuneytið viðmiðin vera farin að hafa áhrif. Í ráðgjafarnefnd og undirnefndum er unnið að sjö þrepa hæfniramma um íslenskt skólakerfi.
 - Sérstök námskrárverkefni: Matsviðmið um hæfni nemenda á framhaldsskólaprófi voru í vinnslu hjá ráðuneytinu en hætt var við þá vinnu eftir að matsviðmiðin voru kærð til Persónuverndar. Viðmiðunarspurningar í kjarnagreinum fyrir stúdentspróf hafa ekki verið gefnar út, en rætt er um að koma upp dæmaspurningum sem skólar geti notað og viðmið um hæfni á þrepum. Unnið var að gerð leiðbeinandi lista í ráðuneytinu vegna yfirfærslu nemenda í nýtt kerfi en sú vinna var lögð til hliðar þar sem ráðuneytið taldi að hann gæti verið of stýrandi.
 - Staðfesting námsbrauta, umsagnarferli: Framhaldsskólar senda námsbrautalýsingar sínar til Námsmatsstofnunar, sem fer yfir þær og þaðan fara þær til staðfestingar í ráðuneytinu. Auglýsing um staðfestingu er birt í Stjórnartíðindum og staðfest námsbraut er þá hluti af aðalnámskrá framhaldsskóla. Skólar geta kennt eftir nýjum brautalýsingum án staðfestingar en þurfa að sækja um leyfi. Unnið er að gerð dæmabrauta í ráðuneytinu sem skólar geta notað óbreyttar eða aðlagð að sínum áherslum.

7. Kannanir menntamálaráðuneytis meðal skólastjórnenda í leik-, grunn- og framhaldskólum um mat á framkvæmd laga hvers skólastigs⁹

Hér á eftir er yfirlit um hvað nýlegar kannanir ráðuneytis meðal skólastjórnenda um mat á framkvæmd laga hvers skólastigs segja um ákvæði sem varða réttarstöðu nemenda, námskrárbreytingar og innra mat.

Réttarstaða nemenda

Leikskólar

- Oftast kalla skólar til túlk (90%) til að tryggja að foreldrar sem ekki tala íslensku eða nota táknmál fái túlkun á þeim upplýsingum sem nauðsynlegar eru vegna samskipta foreldra og skóla, 15% skóla hafa reglubundna túlkabjónustu

Grunnskólar

- Oftast kalla skólar til túlk (83%) til að tryggja að foreldrar sem ekki tala íslensku eða nota táknmál fái túlkun á þeim upplýsingum sem nauðsynlegar eru vegna samskipta foreldra og skóla, 21% skóla hafa reglubundna túlkabjónustu
- Flestir skólar (92%) hafa móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku
- Í 67% skóla hafa nemendur aðgang að náms- og starfsráðgjöf
- Minnihluti skóla (46%) metur kunnáttu nemenda í eigin móðurmáli öðru en íslensku
- Fjórðungur skóla (26%) býður móðurmálskennslu í skólanum fyrir nemendur með annað tungumál en íslensku

⁹ Kannanir voru fyrst gerðar árið 2009 og aftur 2014 og 2015. Hér er byggt á könnunum 2014 og 2015, sjá kannanirnar á vef menntamálaráðuneytis <http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/forsidugreinar/nr/8319>

- Rúmlega helmingur skóla (54%) hefur gert samning við framhaldsskóla um nám grunnskólanemenda í framhaldsskólaáfangi

Framhaldsskólar

- Flestir skólar (85%) hafa sett sér móttökuáætlun fyrir nemendum með annað móðurmál en íslensku
- Nemendum er veitt náms- og starfsráðgjöf af viðurkenndum sérfræðingum í 85% skóla
- Í 68% skóla er nemendum með annað móðurmál en íslensku boðin kennsla í íslensku sem öðru máli og í 65% skóla er nemendum sem dvalist hafa langdvölum erlendis boðin kennsla í íslensku sem öðru máli
- Fáir skólar (12%) veita kennslu í íslensku táknmáli og enginn í íslensku punktalettri
- Í flestum skólum (88%) sitja áheyrnarfulltrúar nemenda í skólanefnd
- Í 97% skóla eru haldnir skólafundir
- Í 79% skóla stunda nemendur með fötlun nám við hlið annarra nemenda eftir því sem kostur er
- Meirihluti skóla (79%) vinnur árlega áætlun um stuðning í námi og kennslu í samræmi við metnar sérþarfir nemenda
- Meirihluti skóla (79%) gerir áætlun um framvindu náms nemenda sem eiga við langvarandi veikindi að stríða
- Flestir skólar (91%) hafa sett sér forvarnarstefnu sem birt er opinberlega og 97% skóla huga að manneldismarkmiðum við val á framboði á fæði fyrir nemendur

Námskrárbreytingar

Leikskólar

- Tæplega fjórðungur skóla (23%) uppfyllir 9. laga um leikskóla um að 2/3 starfsmanna skuli hafa leyfisbréf til kennslu í leikskóla, algengast er að hlutfall starfsmanna með leyfisbréf sé 21-35%.
- Um fjórðungur skóla (26%) hefur ekki endurskoðað skólanámskrá á grundvelli aðalnámskrár 2011
- Um 87% skóla birta skólanámskrár sínar á vef skólans

Grunnskólar

- Í flestum skólum (87%) hefur skólanámskrá skólans verið endurskoðuð á grundvelli aðalnámskrár 2011

Framhaldsskólar

- Gerð er grein fyrir því í skólanámskrá 28% skóla hvernig staðið er að skimun leshömlunar, 31% skóla gera grein fyrir því í skólanámskrá hvernig staðið er að greiningu leshömlunar, 56% skóla gera grein fyrir því í skólanámskrá hvernig staðið er að eftirfylgni við nemendur sem greindir eru með leshömlun og 82% skóla gera grein fyrir því í skólanámskrá hvernig staðið er að stuðningi við nemendur sem greindir eru með leshömlun
- Meirihluti skóla (82%) gerir grein fyrir markmiðum og stefnu skólans um náms- og starfsráðgjöf í skólanámskrá
- Í 30% skóla er áætlun um stuðning í námi og kennslu í samræmi við metnar sérþarfir nemenda hluti af skólanámskrá og í 21% skóla er áætlunin birt á vef skólans

Innra mat

Leikskólar

- Langflestir skólar framkvæma innra mat á árangri og gæðum skólastarfsins, oftast koma skólastjórnendur að matinu (96%), því næst kennarar og annað starfsfólk skólans (94% til 95%), en foreldrar minna (73%) og börnin (58%)
- Um 48% skóla birta áætlun um innra mat á vef skólans, um 58% leikskóla birta niðurstöður innra mats á vef skólans og um 47% birta áætlanir um umbætur á vef skólans í kjölfar innra mats

Grunnskólar

- Um 29% skóla birta ekki áætlun um innra mat á vef sínum, 14% skóla birta ekki niðurstöður innra mats á vef og 47% skóla birta ekki áætlun um umbætur í kjölfar innra mats á vefnum

Framhaldsskólar

- Nánast allir skólar birta upplýsingar um innra mat sitt á vef skólans og 79% skóla birta áætlanir um umbætur í kjölfar innra mats á vef skólans

8. Áhrif kreppunnar á skólastarfið í kjölfar hrunsins 2008

Hér er byggt á ýmsum skýrslum, úttektum og könnunum um áhrif kreppunnar á skólastarfið í kjölfar hrunsins 2008 og einnig á upplýsingum hjá aðildarfélögum KÍ. Í ytra mati á leikskólum er fjallað sérstaklega um áhrif hagræðingar í kjölfar efnahagshrunsins á starfsemi leikskólans og einnig er komið inn á þessi mál í stofnanaúttektum á framhaldsskólum. Enn fremur er byggt á könnunum Sambands íslenskra sveitarfélaga á hagræðingaraðgerðum í sveitarfélögum árin 2009 og 2011 og á rannsóknum í framhaldsskólum árin 2010 og 2012.

Leikskólar¹⁰

- Leikskólar sameinaðir og leik- og grunnskólar sameinaðir
- Opnunartími leikskóla stytur
- Dregið úr innkaupum á kennslugögnum, tæknibúnaði, efnivið, hagrætt í matarkostnaði, viðhaldi ekki sinnt
- Dregið úr fé til sérkennslu
- Stöðugildum fækkað, varanlega eða tímabundið, aðstoðarskólastjórum gert að sinna einnig deildarstjórn, verkefnastjórstöður lagðar niður, stjórnunarhlutfall skólastjóra og aðstoðarskólastjóra skert
- Starfsmanna- og fagfundum fækkað eða þeir lagðir niður
- Yfirvinna tekin af og launaviðbætur samkvæmt sérstökum forsendum (TV einingar) varanlega eða tímabundið
- Dregið úr kostnaði við endurmenntun starfsfólks

Grunnskólar¹¹

- Dregið úr kaupum á búnaði og þjónustu, prentun, ljósritun, pappír, aksturskostnaði, framkvæmdum, hagræðing í mötuneyti, hækkun á verði skólamáltíða
- Hagræðing í skólaakstri/fækkun ferða, dregið úr kostnaði v/vettvangsferða, v/félagsstarfa nemenda, frímínútnagæslu, hagrætt í foreldrasamstarfi
- Hagrætt í skipulagi sérkennslu, dregið úr sérfræðiþjónustu
- Fækkun úthlutaðra kennslustunda, vikulegur kennslutími nemenda skertur, næðisfundum fækkað, kennsluskylduhámark kennara fullnýtt, samkennsla aukin
- Stjórnunarkvóti lækkaður
- Dregið úr yfirvinnu, forfallakennslu
- Skólaliðum, stuðningsfulltrúum og skólasafnskennurum fækkað
- Dregið úr kostnaði við endur- og símenntun starfsfólks

¹⁰ Samband íslenskra sveitarfélaga gerði könnun árið 2009 meðal sveitarfélaga um fyrirhugaðar hagræðingaraðgerðir í skóla- og fræðslumálum sem er í skólaskýrslu Sambandsins fyrir árið 2009, sjá bls. 91-93: http://www.samband.is/media/skyrslur-og-utgafur-hag--og-upplýsingasvid/Skolaskyrsla_2009.pdf Árið 2011 gerði Samband íslenskra sveitarfélaga könnun meðal sveitarfélaga um hagræðingaraðgerðir sveitarfélaga í tengslum við fjárhagsáætlanir þeirra fyrir árið 2011, sjá um hagræðingaraðgerðir bls. 14-16: http://www.samband.is/media/fjarmal-sveitarfelaga/Hagraedingaradgerdir_sveitarfel_2011.pdf

¹¹ Upplýsingar um hagræðingaraðgerðir sveitarfélaga í grunnskólum eru í ofangreindum könnunum, bls. 91-93 í könnun 2009 og bls. 14-16 í könnun 2011.

Framhaldsskólar¹²

- Nemendafjölgun, fleiri nemendur á hvern kennara og stærri nemendahópar
- Minni tími til að sinna einstaklingsmiðaðri kennslu
- Fleiri verkefni innan starfshlutfalls
- Streita og álag í starfi vegna niðurskurðaraðgerða í skólum
- Samdráttur í launum, yfirvinna skorin niður
- Breytingar á störfum, verkefni lögð niður, lækkun starfshlutfalls, uppsagnir
- Niðurskurður á þjónustu við nemendur, minni stuðningur og ráðgjöf, fábreyttara námsframboð og kennsluhættir, færri kennslustundir í áföngum og fjölmennari námshópar
- Sálfélagslegt álag hjá nemendum
- Dregið úr endurnýjun á tækjum og búnaði, kaupum á rekstarvörum og almennu viðhaldi

9. Námsgagnasjóður, Þróunarsjóður námsgagna og Sprotasjóður

Hér er gerð grein fyrir hlutverki Námsgagnasjóðs, Þróunarsjóðs námsgagna og Sprotasjóðs, fjárveitingum til sjóðanna og starfsemi þeirra. Byggt er á ýmsum opinberum gögnum um fjármál og rekstur sjóðanna.

Námsgagnasjóður¹³ hefur það hlutverk að leggja grunnskólum til viðbótarfé til námsgagnakaupa samkvæmt lögum um námsgögn nr. 71/2007 og reglugerð um sjóðinn nr. 1111/2007. Með tilkomu sjóðsins er grunnskólum tryggt aukið svigrúm til námsgagnakaupa til viðbótar við úrval Námsgagnastofnunar. Greiðsla frá Námsgagnasjóði fyrir hvern grunnskóla er innt af hendi til rekstraraðila þeirra hvert ár og tekur greiðsla fyrir hvern skóla mið af fjölda skráðra nemenda í hverjum grunnskóla skólaárið á undan, heimilt er að ívilna fámennum skólum. Grunnskólar láta sjóðsstjórn í té árlega skilagrein um ráðstöfun úthlutunar. Fram til 2012 var framlag í Námsgagnasjóð ákveðið í fjárlögum ár hvert. Samkomulag um tímabundna breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga var gert í október 2011. Eitt af þeim verkefnum samkvæmt samkomulaginu sem færðist frá ríki til sveitarfélaga var fjármögnun og rekstur Námsgagnasjóðs. Umsýsla sjóðsins sem hafði frá upphafi verið hjá menntamálaráðuneyti fluttist til Sambands íslenskra sveitarfélaga. Í töflunni eru framlög til sjóðsins frá árinu 2007 til 2014.

Ár	Framlag í milljónir króna
2007	100
2008	100
2009	50
2010	60
2011	40
2012	40
2013	40
2014	54

Þróunarsjóður námsgagna¹⁴ starfar samkvæmt lögum um námsgögn nr. 71/2007 og reglugerð um sjóðinn nr. 1268/2007. Hlutverk sjóðsins er að stuðla að nýsköpun, þróun, gerð og útgáfu námsgagna fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla til að tryggja framboð og fjölbreytileika námsgagna í samræmi við þarfir nemenda og skóla.

¹² Rannsóknir Guðrúnar Ragnarsdóttur árin 2010 og 2012 á líðan og starfsumhverfi framhaldsskólakennara <http://ff.ki.is/?PageID=3267>

¹³ Ársskýrsla Námsgagnasjóðs skólaárið 2013-2014. Samband íslenskra sveitarfélaga 2014 <http://www.samband.is/media/namsgagnasjodur/Namsgagnasjodur-2013-2014.pdf> Upplýsingar um fjárframlög til Námsgagnasjóðs fyrir árið 2015 voru ekki tiltækar við gerð þessarar greinargerðar.

¹⁴ Sjá um sjóðinn á vef menntamálaráðuneytis <http://www.menntamalaraduneyti.is/afgreidsla/sjodir-og-eydublod/menntamal/nr/4365> og á vef Rannís <http://www.rannis.is/sjodir/rannsoknir/throunarsjodur-namsgagna/>

Ár	Fjöldi umsókna	Heildarupphæð sem sótt var um	Úthlutunarupphæð	Fjöldi verkefna
2008	131	159 milljónir króna	56,3 milljónir króna	66
2009	134	200 milljónir króna	61,44 milljónir króna	56
2010	175	254 milljónir króna	66,38 milljónir króna	79
2011	150	125 milljónir króna	40,26 milljónir króna	64
2012	140	123 milljónir króna	44,45 milljónir króna	47
2013	144	190 milljónir króna	43,84 milljónir króna	35
2014	162	216 milljónir króna	48,08 milljónir króna	38
2015	124	164 milljónir króna	48,34 milljónir króna	35

Sprotasjóður¹⁵ er sameiginlegur sjóður fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla og styður við þróun og nýjungar í skólastarfi í samræmi við stefnu stjórnvalda og aðalnámskrár, samkvæmt 15. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla, 34. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla og 53. gr. laga nr. 92/2008 um framhaldsskóla. Kveðið er á um hlutverk sjóðsins í reglugerð nr. 242/2009.

Ár	Fjöldi umsókna	Heildarupphæð sem sótt var um	Úthlutunarupphæð	Fjöldi verkefna
2009	143	250 milljónir króna	44 milljónir króna	44
2010	128	252 milljónir króna	44,78 milljónir króna	47
2011	127	305 milljónir króna	44 milljónir króna	34
2012	189	400 milljónir króna	43 milljónir króna	46
2013	115	227 milljónir króna	45 milljónir króna	40
2014	124	259 milljónir króna	50 milljónir króna	37
2015	172	360 milljónir króna	49 milljónir króna	45

Í töflunum kemur fram að fyrsta úthlutun úr Námsgagnasjóði var árið 2007, úr Þróunarsjóði námsgagna ári síðar og úr Sprotasjóði árið 2009. Eins og áður sagði er greiðsla frá Námsgagnasjóði fyrir hvern grunnskóla innt af hendi til rekstraraðila þeirra hvert ár og tekur greiðsla fyrir hvern skóla mið af fjölda skráðra nemenda í hverjum grunnskóla skólaárið á undan. Grunnskólar nota úthlutanir úr Námsgagnasjóði að stærstum hluta til að kaupa kennslubækur og áskriftir að ýmsum vefsíðum. Fjárframlög til Námsgagnasjóðs voru skorin niður um helming árið 2009 í kjölfar efnahagshrunsins og aftur um 33% árið 2011. Árið 2013 voru 168 grunnskólar starfræktir í landinu, þar af voru 158 grunnskólar á vegum sveitarfélaga, um 35% grunnskóla voru með frá 151–450 nemendur árið 2013, og 32% grunnskóla höfðu 100 nemendur eða færri.¹⁶

Frá stofnun Þróunarsjóðs námsgagna og Sprotasjóðs hefur árleg heildarupphæð umsókna verið margfalt hærri en úthlutunarfé sjóðanna. Ljóst er af umsókna fjölda að svörun stjórnvalda hefur engan veginn verið í samræmi við aðsókn í sjóðina.

Framlög til Námsgagnasjóðs, Sprotasjóðs og Þróunarsjóðs námsgagna eru tekin saman í töflu og mynd hér að neðan og skoðuð á verðlagi ársins 2014. Fram kemur að framlag til Námsgagnasjóðs árið 2014 hefði þurft að vera 154 milljónir króna miðað við verðlagsbreytingar til að samsvara verðmæti framlagsins til sjóðsins árið 2007. Framlagið til Sprotasjóðs árið 2014 hefði þurft að vera 54 milljónir króna miðað við verðlagsbreytingar til að samsvara verðmæti framlagsins til sjóðsins árið 2009, og framlagið til Þróunarsjóðs námsgagna árið 2014 hefði þurft að vera 77 milljónir króna miðað við

¹⁵ Sjá um sjóðinn á sprotasjodur.is

¹⁶ *Skólaskýrsla Sambands íslenskra sveitarfélaga 2014*

http://www.samband.is/media/skolaskyrsla/Skolaskyrsla2014_Til-birtingar.pdf

verðlagsbreytingar til að samsvara verðmæti framlagsins til sjóðsins árið 2008. Á myndinni sést hvernig framlög til sjóðanna á verðlagi ársins 2014 hafa þróast. Áberandi er niðurskurðinn á fjárframlögum til Námsgagnasjóðs árið 2009 og til Námsgagnasjóðs og Þróunarsjóðs námsgagna árið 2011.

Ofangreindar upplýsingar um sjóðina sýna að mikil þörf er á stórauknum fjárframlögum stjórnvalda (ríkis og sveitarfélaga) í raunverulegar aðgerðir á sviði náms- og kennslugagna og aðgerðir til að styðja við þróun og nýjungar í skólastarfi á öllum skólastigum.

Ár	Námsgagnasjóður		Sprotasjóður		Þróunarsj. námsgagna	
	Framlag í m.kr.	Framlag á verðlagi 2014 (VNV)	Framlag í m.kr.	Framlag á verðlagi 2014 (VNV)	Framlag í m.kr.	Framlag á verðlagi 2014 (VNV)
2007	100,0	153,9				
2008	100,0	136,9			56,3	77,0
2009	50,0	61,1	44,0	53,8	61,4	75,1
2010	60,0	69,6	44,8	51,9	66,4	77,0
2011	40,0	44,6	44,0	49,1	40,3	44,9
2012	40,0	42,4	43,0	45,6	44,5	47,1
2013	40,0	40,8	45,0	45,9	43,8	44,7
2014	54,0	54,0	50,0	50,0	48,1	48,1

